

Borgarráð

Öryggi persónuupplýsinga í stjórnýslu Reykjavíkurborgar - Ný persónuverndarlöggjöf

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um öryggi persónuupplýsinga í stjórnýslu Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með rýningu á hinu nýja regluverki og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til þess að mæta auknum kröfum sem gerðar eru með tilkomu þess.

Greinargerð:

Ný reglugerð um evrópska persónuverndarlöggjöf mun taka gildi þann 25. maí 2018 í Evrópu. Vernd persónuupplýsinga er talinn hluti af EES samningnum og mun löggjöfin því verða tekin upp í íslenskan rétt að lokinni þinglegri meðferð Alþingis. Endurbæturnar á evrópskri persónuverndarlöggjöf sem um ræðir er m.a. ný reglugerð um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði slíkra upplýsinga. Um er að ræða umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónulöggjöfinni í tvo áratugi. Nýja löggjöfin mælir fyrir um fleiri og strangari skuldbindingar en áður. Brot á persónuverndarlöggjöfinni mun geta haft miklar efnahagslegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem vinna með persónuupplýsingar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um öryggi persónuupplýsinga í stjórnýslu Reykjavíkurborgar.

Borgarráð

Öryggi persónuupplýsinga í stjórnýslu Reykjavíkurborgar - Ný persónuverndarlöggjöf

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um öryggi persónuupplýsinga í stjórnýslu Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með rýningu á hinu nýja regluverki og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til þess að mæta auknum kröfum sem gerðar eru með tilkomu þess.

Greinargerð:

Ný reglugerð um evrópska persónuverndarlöggjöf mun taka gildi þann 25. maí 2018 í Evrópu. Vernd persónuupplýsinga er talinn hluti af EES samningnum og mun löggjöfin því verða tekin upp í íslenskan rétt að lokinni þinglegri meðferð Alþingis. Endurbæturnar á evrópskri persónuverndarlöggjöf sem um ræðir er m.a. ný reglugerð um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði slíkra upplýsinga. Um er að ræða umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónulöggjöfinni í tvo áratugi. Nýja löggjöfin mælir fyrir um fleiri og strangari skuldbindingar en áður. Brot á persónuverndarlöggjöfinni mun geta haft miklar efnahagslegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem vinna með persónuupplýsingar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um öryggi persónuupplýsinga í stjórnýslu Reykjavíkurborgar.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um öryggi persónuupplýsinga í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Ný reglugerð um evrópska persónuverndarlöggjöf mun taka gildi þann 25. maí 2018 í Evrópu. Vernd persónuupplýsinga er talinn hluti af EES samningnum og mun löggjöfin því verða tekin upp í íslenskan rétt að lokinni þinglegri meðferð Alþingis. Endurbæturnar á evrópskri persónuverndarlöggjöf sem um ræðir er m.a. ný reglugerð um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði slíkra upplýsinga. Um er að ræða umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónulöggjöfinni í tvo áratugi. Nýja löggjöfin mælir fyrir um fleiri og strangari skuldbindingar en áður. Brot á persónuverndarlöggjöfinni mun geta haft miklar efnahagslegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem vinna með persónuupplýsingar.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirumsjón með rýningu á hinu nýja regluverki og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til þess að mæta auknum kröfum sem gerðar eru með tilkomu þess.

Helstu verkefni:

- Skipa verkefnahópa um öryggi persónuupplýsinga á fagsviðum og í miðlægni stjórnsýslu og skilgreina verkefni þeirra.
- Yfirferð nýju reglugerðarinnar um evrópska persónuverndarlöggjöf og kortlagning á því hvaða kröfur hún gerir til Reykjavíkurborgar.
- Kortlagning persónugreinanlegra gagna skv. reglugerðinni í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Greining á uppruna gagna og vinnslu þeirra.
- Gerð aðgerðaráætlunar og tillagna um úrbætur til þess að tryggja að meðferð persónuupplýsinga verði í samræmi við nýja persónuverndarlöggjöf.
- Kostnaðarmat tillagna.

Starfshópin skipa:

Stefán Eiríksson, borgarritari (formaður).
Fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Fulltrúi borgarlögmanns.
Fulltrúi skrifstofu þjónustu og reksturs.
Fulltrúi skóla- og frístundasviðs.
Fulltrúi velferðarsviðs.

Starfsmenn:

Starfsmaður frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara?

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi þar til skilgreindum verkefnum hans er lokið en skili áfangaskýrslum eftir því sem þörf krefur og í samræmi við gildistöku nýrrar persónuverndarlöggjafar á Íslandi.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG